



HAFNARFJÖRÐUR

Garðabær
Gunnar Einarsson bæjarstjóri
Pósthólf 100
210 Garðabær

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Dagbl. dags.	27.09.2016
Málalýkill	9.33
Mál nr.	1609378

Hafnarfirði, 23. september 2016
1510326 JOG
Málalýkill 512

Efni: Herjólfstraup, tenging við Álfarnesveg

Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar dags. 22. september sl. var eftirfarandi mál til umfjöllunar og afgreiðsla þess var:

Tekin fyrir að nýju tenging Herjólfstraugar við Álfarnesveg en Garðabær er að auglýsa breytingu á deiliskipulagi þar sem sýnd er lokun á Álfarnesvegi við Herjólfstraup. Skipulags- og byggingarráð mótmælti þessum fyrirætlunum á fundi sínum 17. nóvember sl.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar mótmælir harðlega fyrirhuguðum breytingum á lokun Herjólfsgötu við Garðahraunsveg (gamla Álfarnesveg) sem kemur fram í auglýsingu um tillögu að breyttu deiliskipulagi Garðahrauns.

Tillagan er hvorki í samræmi við gildandi aðalskipulag Garðabæjar né eru gögn sem styðja við þessa ákvörðun, eins og umferðargreining eða umferðatalning.

Nái tillagan fram að ganga mun hún hafa áhrif á fjölmarga íbúa Hafnarfjarðar, Garðabæjar, vist- og starfsmenn Hrafnistu auk þess sem viðbragðtími slökkvi- og sjúkraliðs lengist verulega inn á þetta svæði. Skipulags- og byggingarráð skorar á bæjaryfirvöld í Garðabæ að falla frá fyrirhuguðum breytingum.

Jafnframt felur skipulags- og byggingarráð umhverfis- og skipulagsþjónustu að vinna greinargerð og athugasemdir vegna fyrirbyggjandi tillögu í samræmi við auglýstan athugasemdafrest.

Þetta tilkynnist hér með.
Virðingarfyllst,


Hafnarfjarðarbær
Umhverfis- og skipulagsþjónusta
Jóna Ósk Guðjónsdóttir
skrifstofustjóri

